



77. ÍÞRÓTTAÞING ÍSÍ

REYKJAVÍK NATURA

16. – 17. MAÍ 2025

Þingskjal nr. _____

Tillaga um réttarstöðu sjálfboðaliða Flutningsaðilar: UMSK, ÍBR og ÍRB

77. Íþróttabíng ÍSÍ, haldið 16. til 17. maí 2025, á Reykjavík Natura hótél felur ÍSÍ að fylgja eftir álitsgerð Viðars Más Matthíassonar um skaðabóta- og refsíabýrgð sjálfboðaliða frá árinu 2023, meðal annars með útgáfu leiðbeininga um hvernig íþróttafélög geti tryggt betur stöðu sjálfboðaliða. Þá skuli einnig skoðað með hvaða hætti hagsælast sé að standa að kaupum hópvátrygginga með slysa- og ábyrgðartryggingu fyrir sjálfboðaliða í hreyfingunni. Vinnunni verði lokið fyrir formannafund 2026.

Greinargerð:

Í kjölfarið á 76. íþróttabíngi ÍSÍ 2023 sendi ÍSÍ álitsgerð Viðars Más Matthíassonar varðandi ábyrgð sjálfboðaliða til sambandsaðila sinna. Álitsgerðin hafði verið unnin í kjölfarið á svokölluðu „hoppukastalamáli“ á Akureyri og ákærum á sjálfboðaliða úr íþróttahreyfingunni í kjölfarið. Íþróttastarf í landinu er borið uppi af sjálfboðaliðum sem leggja fram starfskrafta sína hreyfingunni til hagsbóta. Það er með öllu ótækt að fólk sem í góðri trú gefur vinnu sína geti orðið fyrir fjárhagslegu tjóni ef slys eða óhöpp verða. Það er mjög mikilvægt að þessari vinnu verði fylgt eftir eins og til stóð.

Öll íþróttafélög vilja veg sjálfboðaliða sinna sem mestan en skortir bæði frekari þekkingu á málefnum ásamt leiðbeiningum um hvernig best er að tryggja öryggi sjálfboðaliða, bæði gagnvart tjónum/skaða sem þeir geta orðið fyrir og tjónum/skaða sem þeir geta valdið í störfum sínum fyrir íþróttafélög.